

# **Handbók Heilsuleikskólans Kærabæjar Kirkjubæjarklaustri**



**2020-2021**

# Handbók 2020-2021

Heilsuleikskólinn Kæribær Skaftárvöllum Kirkjubæjarklaustri,

Sími 487-4803

netfang [leikskoli@klaustur.is](mailto:leikskoli@klaustur.is)

Veffang <http://kaeribaer.leikskolinn.is/>

opinn frá 7.45.-17.15.

Leikskólastjóri er Guðrún Sigurðardóttir í 100% starfi.

Deildarstjórar eru: Dóra Esther Einarsdóttir deildarstjóri Ævintýralands í 80 % starfi, Linda Agnarsdóttir deildarstjóri Undralands í 100% starfi. Starfsmaður sérkennslu er Karítas Pétursdóttir í 78,12% starfi.

Fannís Ósk Pálsdóttir, Joanna María Jurga-Dominiak og María Ösp Árnadóttir eru starfsmenn Ævintýralands í 100% starfi. Hildur Björg Georgsdóttir er starfsmaður Ævintýralands í 63,75% starfi.

Bjarney Birta Atladóttir, Birgir Logi Valtýsson og Jóhanna Rut Hafliðadóttir eru starfsmenn Undralands í 100% starfi. Dagný Bjarkadóttir er starfsmaður í eldhúsi/flakkari í 70% starfi, Auður Guðbjörnsdóttir og María Björg Þorsteinsdóttir starfa sem afleysing og Anna Magdalena Buda sér um ræstingar. Kæribær er tveggja deilda leikskóli með börn á aldrinum eins til sex ára.

## Efnisyfirlit.

Handbók 2020-2021 .....	2
Efnisyfirlit. ....	3
Barnahópurinn 2020-2021.....	4
Aðlögun.....	4
Foreldrasamstarf.....	4
Klæðnaður .....	5
Matur.....	5
Óhöpp-slys-veikindi.....	6
Leikföng. ....	6
Afmæli. ....	6
Agastjórnun. ....	7
Grænfáninn.....	7
Heilsuleikskólinn.....	7
TRAS.....	8
Orðaskil .....	8
MIO.....	8
ART.....	8
Visindasmiðja.....	9
PALS .....	9
K-PALS.....	10
Fimmára verkefni .....	10
Lubbi finnur málbein .....	10
Blær .....	10
Könnunarleikurinn.....	11
Dagskipulag .....	13
Væntingar. ....	14
Ytri aðstæður. ....	15
Yfirstjórn leikskólamála.....	15
Skóláþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. ....	16

## **Barnahópurinn 2020-2021**

Á Ævintýralandi eru tuttugu og tvö börn, þrjú fædd árið 2015, ellefu fædd árið 2016 og átta fædd árið 2017. Á Undralandi eru fjórtán börn, sex fædd árið 2018 og átta fædd árið 2019.

Átta tíma viðvera á dag að jafnaði (40 klst. á viku) telst fullt pláss, 100% leikskólarými og ekki er hægt að fá minna en 50% þ.e. 20 klst á viku að jafnaði. Hægt er að koma með börnin á tímabilinu frá 7.45-9.00 og kl 13.00. Ætlast er til að börnin hafi fyrirfram ákveðin dvalartíma og að foreldrar láti vita ef hann breytist s.s. vegna veikinda.

**Uppsagnafrestur er einn mánuður.**

**Ef óskað er eftir breytingum á umsömdum vistunartíma skal ósk þar um berast til leikskólastjóra með 15 daga fyrirvara og miðast breytingin við næstu mánaðarmót.**

## **Aðlögun**

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Nauðsynlegt er að gefa barninu góðan tíma til að aðlagast leikskólanum. Aðlögunartími er skipulagður í samráði við foreldra.

Á þeim tíma fá foreldrar tækifæri til að kynnst leikskólanum og starfsháttum hans.

## **Foreldrasamstarf.**

Nauðsynlegt er að foreldrar gefi starfsfólki upplýsingar um hagi barnsins og fræðist jafnframt um starf þess og líðan á leikskólanum. Foreldrafundir eru haldnir a.m.k. einu sinni á vetri. Á heimasíðu leikskólans <http://kaeribaer.leikskolinn.is/> birtast fréttir reglulega. Fréttir og áminningar um viðburði eru settir inn á facebook-síðu leikskólans og á töflu í fataklefa einnig verður sendur tölvupóstur á föstudögum til foreldra um það helsta sem gert var í vikunni og hvað er framundan í næstu viku.

Einkaviðtöl við foreldra fara fram a.m.k. tvisvar sinnum á ári og þá í kjölfar skráninga í heilsubók barnsins.

**Foreldrafélag** er við leikskólann og ef foreldra velja að vera í því þurfa þeir að senda tölvupóst á félagið og skrá sig. Foreldrafélagið borgar meðal annars fyrir leiksyningar og ýmsar aðrar aðrar uppákomur. Einnig kaupir foreldrafélagið jóla- og útskriftargjafir. Þeir foreldrar sem velja að vera ekki í foreldrafélaginu þurfa þá að borga sérstaklega fyrir þær uppákomur og gjafir sem félagið greiðir fyrir. Tölvupóstfang foreldrafélagsins er [foreldrafelag880@gmail.com](mailto:foreldrafelag880@gmail.com) og þar er hægt að óska eftir því að gerast meðlimur félagsins.

## **Klæðnaður**

Mikilvægt er að börnin hafi góðan hlífðarfatnað fyrir regni og kulda. Nauðsynlegt er að barnið hafi með sér aukafatnað og að allt sé **vel merkt**. Bastkölfur sem eru fyrir ofan fatahólfín eru ætluð fyrir aukafötin. Hafa skal í huga að í leikskólanum fer fram mikil vinna hjá barninu með ýmis efni svo sem lím, liti og málningu sem geta farið í fötin, þrátt fyrir að hlífðarfatnaður sé notaður. Fatahólfín og körfurnar á að tæma fyrir helgar vegna þrifa. Þá er ætlast til að börnin séu í hreinum fötum og að allur annar búnaður þeirra s.s. stígvél og regngalli sé þrifið reglulega. Mjög gott er að nota helgarnar til að yfirfara þetta.

## **Matur**

Á morgnanna kl.10.00. í sögustund fá börnin hressingu, ávexti og/eða grænmeti. Við fáum heitan mat í hádeginu úr mötuneyti Kirkjubæjarskóla. Á mánudögum bjóðum við upp á vatn, mjólk, brauð, hrökkbrauð og ávexti eða grænmeti, þriðjudögum og fimmtudögum bjóðum við upp á vatn, mjólk, brauð og ávexti eða grænmeti í miðdegishressingunni. Á miðvikudögum erum við með hrökkbrauð og ávaxtabakka og á föstudögum er boðið uppá ristað brauð með osti og

gúrku eða öðru grænmeti og ávöxt. Við höfum sætindi, salt og fitu í lágmarki.

### **Óhöpp-slys-veikindi.**

Barnið á ekki að koma veikt í leikskólann. Ef um smitsjúkdóm er að ræða á barnið ekki að koma fyrr en smithætta er liðin hjá. Veikist barnið meðan það dvelst í leikskólanum höfum við samband við foreldra þess. Verði barn fyrir slysi í leikskólanum veitum við fyrstu hjálp með aðstoð frá **112** en ef um minniháttar slys er að ræða leitum við á heilsugæsluna eftir aðstoð. Því næst er haft samband við foreldra.

### **Leikföng.**

Ekki er ætlast til að barnið komi með leikföng með sér nema þá daga sem þess er vænst þ.e. á dótadögum. Dótadagur er **fyrsti fimmtudagur í mánuði**. En á meðan COVID-19 er ennþá þá falla dótadagarnir niður og verður ykkur tilkynnt um það þegar það breytist. Við frábiðjum okkur stríðsleikföng og hverskonar leikföng sem hvetja til ofbeldis. Hjóladagar eru auglýstir þegar vel viðrar og þá er skilyrði að barnið komi með hjálm.

### **Afmæli.**

Á afmælisdögum barnanna er afmælisbarnið í háseti hjá okkur. Það fær að vera þjónn, leikskólinn býður upp á myndarlegan ávaxtabakka, afmælisbarnið fær kórónu og afmælisöngurinn er sunginn. Kveikt er á kertum (jafn mörgum og aldur barnsins segir til um) í sérstökum stjaka sem íslenski fáninn er hluti af. Ef barnið er í fríi helgarfríi, jólafríi eða sumarfríi er haldið uppá afmæli þess strax að fríi loknu. Einnig viljum við biðja foreldra sem ákveða að halda barnaafmæli utan leikskóla að koma ekki með boðskort inn á leikskólann.

## **Agastjórnun.**

Til þess að hjálpa börnunum að hafa stjórn á skapi sínu og til þess að þau valdi ekki öðrum börnum óþægindum með óæskilegri hegðun sinni þarf starfsfólk leikskólans oft að grípa inni. Það er gert með því að tala við barnið með ákveðnum hætti – barnið fær skýr skilaboð um það að hegðun barnsins hafi verið óæskileg. Sýni barnið aftur óæskilega hegðun að loknu tiltali þarf stundum að taka viðkomandi barn út úr þeim aðstæðum sem það er í. Það er látið biða í smá stund á meðan það skoðar hug sinn og veltir vöngum yfir því hvers vegna það hafi verið numið á brott úr viðkomandi aðstæðum. Því næst kemur barnið aftur til baka og er gjarnan látið biðjast afsökunar á hegðun sinni.

## **Grænfáninn.**

Heilsuleikskólinn Kæríbær er skóli á grænni grein. Við fengum Grænfánann í fyrsta sinn vorið 2008 og sjöunda fánann fáum við vonandi á vor- og útskriftarhátíðinni okkar í vor 2021. Áhersla síðasta árs og í vetur er neysla. Elstu tveir árgangar leikskólans, börn fædd 2015 og 2016 sitja í umhverfisnefnd ásamt fulltrúa foreldra og tveimur fulltrúum starfsmanna. Umhverfisnefnd fundar á fimm vikna fresti og er öllum foreldrum velkomið að sitja fundina.

## **Heilsuleikskólinn**

Heilsuleikskólinn Kæríbær starfar eftir áherslum heilsustefnunnar – Heilsustefnan – Heilsuleikskólinn Urðarhóll – 2006 Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir.

Yfirmarkmið Heilsuleikskólans er: að auka gleði og velliðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Öll börnin fá Heilsubók barnsins. Í hana eru skráðar, tvisvar á ári, ýmsar upplýsingar um barnið svo sem hæð og þyngd, heilsufar, fjarvera vegna veikinda,

næring og svefn, leikur, félagsleg færni/lífsleikni, gróf- og fínhræyfigeta og þróun myndsköpunar.

## **TRAS**

TRAS er skráning á málþroska ungra barna. Skráningin flokkast undir þrjú færni svið.

1. Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting
2. Málskilningur og málvitund
3. Framburður, orðaforði og setningarmyndun.

Reiknað er með að skráð sé tvisvar á ári með sex mánaða millibil og hefst þegar barnið er 2,2 ára.

## **Orðaskil**

Er málþroskapróf fyrir börn frá 18 mánaða til 3 ára sem foreldrar fylla út og er ætlað að mæla orðaforða barna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningargerð. Við sendum orðaskil heim þegar barnið verður 30 mánaða gamalt.

## **MIO**

MIO er efni til að meta stærðfræðiþroska barna á leikskólaaldri. MIO hjálpar til við að átta sig á þeirri stærðfræðifærni sem hvert barn hefur tileinkað sér. MIO hjálpar einnig til við að skipuleggja vinnuna í leikskólanum þannig að barnið þroski áfram skilning á stærðfræði. MIO skimunin skiptist í þrjá skimunaratriði sem eru þrautalausnir, talning og fjöldi og rúmfræði. Nemendur eru skimaði þegar þeir eru 2 ára og 6 mánaða, 3 ára og 6 mánaða og 4 ára og 6 mánaða.

## **ART**

ART ( Aggressoin Replacement Training) er vel afmörkuð og árangursrík aðferð til að draga úr erfiðri hegðun hjá börnum og ungu fólki t.d. þeim



sem greinst hafa með ýmiskonar þroskaraskanir, ofvirkni og alvarlegar atferlistruflanir. En í raun hafa allir gott af því að læra ART og sums staðar í nágrannalöndum okkar er ART hluti af námsefni allra. ART er leið til að ná til barna svo snemma að ART verði með tímanum ekki síst fyrirbyggjandi úrræði.

Aðferðin skiptist í þrjá megin þætti: **Félagsfærni** sem er atferlisþáttur þessa efnis, **sjálfstjórnun** (reiðistjórnun) er þáttur sem tengist tilfinningum og **þjálfun í siðrænni röksemdarfærslu** er þáttur sem höfðar til vitsmuna.

Tveir elstu árgangarnir eru í ART þjálfun.

## Vísindasmiðja

Í vísindasmiðju er lögð áhersla á stærðfræði, náttúrufræði, eðlisfræði og hugtök, markmiðið er að efla hugmyndaflug og sköpunargleði barnanna. Einnig að styrkja þau í þekkingarleit.

## PALS

PALS stærðfræðiaðferðin fyrir leikskóla var þróuð af Doug Fuchs, Ph.D. og Lynn Fuchs, Ph.D. í peabody College við Vanderbilt University í Tennessee-fylki.

Markmiði er að þjálfa samtímis hóp af nemendum í stafapekkingu með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu). Nemendur eru paraðir saman og skiptast þeir á að vera kennari (þjálfari) og nemendur (leikmenn).

Hlutverk þjálfara er að leiða leikmanninn gegnum verkefnin með því að:

- Lesa leiðbeiningar spilaspjaldsins fyrir hann
- Aðstoða hann við að finna svörin

Hlutverk leikmanna er að:

- Fylgja fyrirmælum þjálfara
- Vinna verkefnin á spilasjaldinu

## **K-PALS**

K-Pals samanstendur af tvenns konar verkefnum, hljóðaleikja- og umskráningarverkefnum. Hljóðaleikurinn stuðlar að þjálfun hljóðvitundar. Markmið umskráningarverkefnanna er að styrkja umskráningu og orðaþekkingu.

## **Fimmára verkefnin**

Fimmára verkefnin saman standa af umferðarfræðslu með Innipúkanum, slysavörnum með Núma og eldvörnum með Loga og Glóð.

## **Lubbi finnur málbein**

Lubbi finnur málbein er efni sem hugsað er til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára.

Lubbi býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin, fljótt og vel. Hann býður ykkur jafnframt að koma í Hljóðasmiðjuna sína til að æfa ykkur í að tengja saman hljóðin og læra að lesa og skrifa um leið og hann.

## **Blær**

Blær er vináttuverkefni sem byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu leikskólastarfinu og er órjúfanlegur hluti þess í allri vinnu og starfi leikskóla sem vinnur með Vináttu. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu. Hugmyndafræðin endurspeglast í gildunum fjórum:

### 1. Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

### 2. Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum

góður félagi og að virða mismunandi háttarni annarra.

### 3. Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samliðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

### 4. Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

## **Könnunarleikurinn**

Hugmyndasmiðir könnunarleiksins eru Elinor Goldschmied og Sonja Jackson. Þær hafa útfært aðferð til kennslu sem kallast “Heuristic play with objects” eða könnunarleikur með hluti þar sem börnin leitast við að kanna umhverfi sitt án hjálpar frá fullorðnum. Meðfæddur áhugi þeirra og forvitni eru þannig vakin á umhverfinu og fær útrás í könnunarleiknum.

Markmið aðferðarinnar er að börnin uppgötvi hlutina og möguleika þeirra með snertingu, lykt, bragði, heyrn og sjón. Í könnunarleiknum eru öll þessi skilningarvit örvuð sem og gróf- og finhreyfingar. Hverju barni gefst tækifæri á að uppgötva efniviðinn og umhverfi sitt á sínum forsendum.

Könnunarleikur kemur ekki í staðinn fyrir leik heldur er ætlaður sem viðbót til að auðga leik yngstu barnanna (1-3 ára).

Það er engin rétt leið í könnunarleik, efniviður er mismunandi eftir því hverju kennararnir safna, auk þess hafa kennarar mismunandi hugmyndir. Þessi aðferð hvetur til þess að hinn fullorðni sé skapandi og geri umhverfið að örvandi stað fyrir yngstu börnin.

Efniviðurinn í könnunarleiknum er ekki leikföng í eiginlegum skilningi, heldur verðlaust efni. Hér getur verið um að ræða dósaloð, mismunandi plastlát, keðjubúta, lykla, tvinnakefli, efnisbúta og ýmislegt annað sem

eru engu að síður jafn spennandi leikföng og þau hefðbundnu. Efniviðurinn er flokkaður og hver flokkur er geymdur í taupoka. Könnunarleikurinn fer þannig fram að börnunum er skipt í ca fimm manna hópa sem hittast einu sinni í viku alltaf á sama svæði. Þar hefur kennarinn sett fimm eins hrúgur af mismunandi dóti á gólfið, eina fyrir hvert barn. Þar leika börnin ótrufluð, þau velja sér sjálf hluti og nota hann á mismunandi hátt s.s. til að fylla, tæma, setja saman, raða, hrista o.fl. Börnin eiga sjálf að kanna efniviðinn án þess að hinn fullorðni gefi ákveðnar hugmyndir. Uppgötvunin á að koma frá þeim sjálfum. Kennarinn á að vera áhorfandi, ekki hafa áhrif á leikinn og einungis að skerast inn í leikinn ef nauðsyn krefur. Hins vegar er það hlutverk kennarans að gera skráningu á leik og samskiptum barnanna á meðan könnunarleik stendur.

Tiltektin er jafnmikilvæg og leikurinn sjálfur. Kennarinn stjórnar með því að biðja börnin um að ná í hlutina og setja í réttan poka og hjálpa þeim að finna hlutina. T.d. með því að segja: þarna undir stólnum, náðu í bláu dósina við hliðina á mér o.s.frv. Þannig er hægt að kenna börnunum hin ýmsu hugtök og liti.

## **Dagskipulag**

07.45. **Leikskólinn opnar.**

9.00. **Frjáls leikur/Verkefnatími.**

Í verkefnatíma eru öll börnin undir leiðsögn fullorðins ýmist öll í einum hóp eða skipt niður í smærri hópa t.d. eftir aldri.

10.00. **Sögustund.** Börnunum skipt í hópa eftir aldri. Undir sögulestri fá börnin ávexti og/eða grænmeti sér til hressingar.

10.30. **Útivistartími.** Allir úti í frjálsum leik til 11.25.

11.30. **Samverustund.** Söngur og hópleikir.

11.45. **Hádegismatur- hvíld** í 20 mínútur.

13.00. **Frjáls leikur.**

14.00. **Verkefnatími/frjáls leikur**

Í verkefnatíma eru öll börnin undir leiðsögn fullorðins ýmist öll í einum hóp eða skipt niður í smærri hópa t.d. eftir aldri.

15.00. **Drekkutími.**

15.30. **Frjáls leikur/ útivistartími.**

17.15. **Lokað**

## Væntingar.

Hér má sjá nokkur atriði sem gott er að hafa í huga. Ekki er um tæmandi lista að ræða.

### Hvers getur þú vænst af þjónustunni?

- Að öll börn læri og þroskist út frá eigin forsendum.
- Að börnin læri um umhverfi sitt og menningu.
- Að hversdagurinn er fullur af gleði, húmor og hlýju.
- Að þú munt fá upplýsingar um barnið þitt og áætlanir í leikskólanum.
- Þú færð upplýsingarnar í gegnum samtöl, fundi og tilkynningar á töflu.
- Að þér verður mætt af virðingu.
- Að þú mætir áhugasömu starfsfólki sem nýtir sér reynslu sína og kunnáttu til góðra verka.
- Að við höfum samband við þig ef við viljum leita eftir samvinnu vegna sérþarfa sem barnið þitt kann að hafa.

### Hvers væntum við af þér?

- Að þú kynsir þér venjur og dagskipulag leikskólans.
- Að þú virðir opnunátíma leikskólans.
- Að þú gætir þess að barnið þitt hafi ávallt föt sem henta leik bæði úti og inni.
- Að þú tilkynnir þegar barnið þitt er veikt eða í fríi.
- Að þú fylgist með því sem um er að vera í leikskólastarfinu.
- Að þú takir þátt í foreldrasamvinnu og foreldrafundum.
- Að þú greiðir leikskólagjaldið áður en kemur að eindaga.
- Að þú komir inn með barninu og farir ekki fyrir en starfsmaður hefur tekið á móti því.
- Að þú látir vita þegar þú sækir barnið þitt.
- Að þú segir plássinu upp skriflega.

## **Ytri aðstæður.**

### **Yfirstjórn leikskólamála.**

Fræðslunefnd fer með málefni leikskólans ásamt málefnum grunn- og tónlistarskóla, samkvæmt lögum og reglugerðum, sveitarstjórnalögum og því sem sveitarstjórn felur henni að öðru leyti. Fræðslunefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara kosnum að sveitarstjórn. Leikskólastjóri situr fundi fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þá situr fulltrúi foreldra fundi fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt.

#### **Aðalmenn**

Þorsteinn Kristinsson – formaður  
Anna Magdalena Buda  
Jón Hrafn Karlsson  
Arndís Harðardóttir  
Fanney Ásgeirsdóttir

#### **Varamenn**

Bjarki Guðnason  
Arnfríður Jóhannesdóttir  
Ragnheiður Hlín Símonardóttir  
Sigurður Arnar Sverrisson  
Lilja Magnúsdóttir

Fulltrúi foreldra á fræðslunefndarfund er Sólveig Ólafsdóttir formaður foreldraráðs.

### **Í stjórn foreldraráðs eru;**

Formaður: Sólveig Ólafsdóttir

Ritari: María Björg Þorsteinsdóttir

Meðstjórnandi: Bjarni Bjarnason

Varamaður : Arna Guðbjörg Matthíasdóttir og Rannveig Ólafsdóttir

**Fulltrúi foreldra á umhverfisnefndar fundi** er Erla Þórey Ólafsdóttir og til vara er Rannveig Ólafsdóttir

### **Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.**

Leikskólaráðgjafi starfar á Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur - Skaftafellssýslu. Hann er leikskólastjóra og starfsfólki leikskólans faglegur ráðgjafi um starfsemi leikskólans og málefni sérkennslubarna.

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur - Skaftafellssýslu veitir sérfræðiaðstoð varðandi talmein eða sálfræðiráðgjöf ef foreldrum og leikskólakennara þykir þörf á.

### **Starfsfólk Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur – Skaftafellssýslu.**

<b>Starfsmenn</b>	<b>Starfssvið</b>	<b>Aðsetur</b>	<b>Sími</b>	<b>Netfang</b>
Þórunn Jóna Hauksdóttir	Deildarstjóri/kennslu-ráðgjafi grunnskóla	Ormsvöllur 1 Hvolsvelli	487- 8107/ 862-7522	<a href="mailto:thorunnjona@skolamal.is">thorunnjona@skolamal.is</a>
Halldóra Guðlaug	Leikskólaráðgjafi	Ormsvöllur 1 Hvolsvelli	8618674	<a href="mailto:halldora@skolamal.is">halldora@skolamal.is</a>

Tölvupóstfang:

<http://www.felagsogskolamal.is/>